

**Nd.**

## **77. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 40 15. júní 1926, um fræðslu barna.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson.

### **1. gr.**

4. gr. laganna orðist svo:

Hver kaupstaður og hvert sýslufélag landsins er sérstakt fræðsluhérað, nema önnur skipan sé á gerð. Tvö sýslufélög eða fleiri geta, með samþykki fræðslumálastjóra, gengið saman í eitt fræðsluhérað, ef það er samþykkt af bæði sýslunefndum og fræðslunefndum sýslanna.

Fræðslunefnd hefir á hendi stjórn fræðslumála í fræðsluhéraði hverju, undir umsjón fræðslumálastjórnar.

### **2. gr.**

24. gr. laganna orðist svo:

Í fræðslunefnd eiga sæti 5 menn. Skipar kennslumálaráðherra formann fræðslunefndarinnar, en bæjarstjórn eða sýslunefnd 4 fræðslunefndarmenn, og skulu þeir kosnir hlutbundinni kosningu, ef þess er óskað. Skytt er bæði konum og körlum, sjálfum sér ráðandi, yngri en 60 ára og heilum og hraustum að taka við kjöri í fræðslunefnd. Þegar tvö eða þrjú fræðsluhéruð ganga saman í eitt, skal hvort (hvert) þeirra kjósa tvo fræðslunefndarmenn, og er þá fræðslunefnd skipuð 7 mönnum, ef þrjú fræðsluhéruð hafa sameinast. Fræðslumálastjórn getur fyrirskipað, að sérstök fræðslunefnd sé fyrir hvert byggðarlag héraðsins, eða sérstakan hluta þess, þar sem samgöngur eru erfiðar milli byggðarlaga innan fræðsluhéraðs.

### **3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Frv. um þetta efni var flutt á síðastl. þingi. Launamálanefnd, sem fékk málið til meðferðar, lagði til að því yrði breytt, og eru þær breytingar felldar inn í frumvarpið. Um ástæður fyrir frv. vísast til álits millipíngan. í launamálum.